**130. löggjafarþing 2003–2004.**
**Þskj. 779 — 507. mál.**

# Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um fylgiréttargjald á listaverk.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig er háttað innheimtu fylgiréttargjalds sem lagt er á við endursölu myndlistarverka skv. 25. gr. b höfundalaga, nr. 73/1972, og annarra listmuna skv. 6. mgr. 23. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 28/1998?
2. Hvaða aðilar hafa fengið leyfi til að stunda listaverka- og listmunauppboð?
3. Hvaða leyfi þarf til að annast endursölu á listaverkum í atvinnuskyni og hvaða aðilar hafa slík leyfi?
4. Hvernig er háttað eftirliti með því að fylgiréttargjald skili sér til höfunda eða annarra rétthafa?

**Skriflegt svar óskast.**